

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2018

2020/EES/71/06

frá 31. maí 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2324 frá 12. desember 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu glýfosati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32017 R 2324:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2324 frá 12. desember 2017 (Stjtið. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 10).“
2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2091):

„13zzzzzzzl. **32017 R 2324:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2324 frá 12. desember 2017 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu glýfosati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2324, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L 333, 15.12.2017, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.